



Reykjavík, 19. júlí 2019
SFS2019050119
165. fundur
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskóladeildir

Á 160. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. maí 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað hafa margar viðbótardeildir verið opnaðar síðan í febrúar 2019 við leikskóla Reykjavíkur?

Svar:

Bætt hefur verið við sjö deildum frá hausti 2018 og börnum fjölgað um u.þ.b. 78.

- Maríuborg opnaði haustið 2018 eina deild fyrir 12 börn í lausu húsi sem stóð á lóðinni.

Við fjóra leikskóla hafa verið settar lausar stofur. Áætlanir gerðu ráð fyrir að þær yrðu teknar í notkun sl. vetur en vegna tafa við framkvæmdir verða þær teknar í notkun nú að loknum sumarleyfum, samhliða inntöku barna í haust. Þessar deildir eru sem hér segir:

- Hof: Ein deild fyrir 16 börn
- Jöklaborg: Tvær deildir. Áætluð fjölgun barna er 22 þar sem börnum fækkar í aðalhúsi samhliða lagfæringum á starfsmannaðstöðu.
- Kvistaborg: Sett hefur verið niður ein laus stofa sem nýtt verður sem starfsmannarými. Fyrirhugað er að byggja við leikskólann og fjölga deildum varanlega en nú í haust fjölgar um 10 börn í þeim rýmum sem áður tilheyrðu starfsfólki.
- Seljakot: Tvær deildir sem áætlaðar eru fyrir 30 börn. Fyrirhuguð er frekari stækkun á leikskólanum sem miðar fyrst og fremst að því að lagfæra starfsmannaástöðu ásamt því að leiksvæði verður stækkað. Þar til sú lagfæring hefur átt sér stað þarf að fækka börnum í aðalbyggingunni og því fjölgar börnum í haust í leikskólanum um 18.